

## REGLUGERÐ

### um vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana á grundvelli staðalsins ÍST 85:2012.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana samkvæmt staðlinum ÍST 85:2012 um jafnlaunakerfi.

#### 2. gr.

##### *Markmið.*

Markmið reglugerðar þessarar er að jafnlaunakerfi fyrirtækja og stofnana séu vottuð í samræmi við alþjóðlegar kröfur sem gilda um vottun og vottunaraðila.

#### 3. gr.

##### *Orðskýringar.*

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a. *Vottun*: Skrifleg staðfesting, að undangenginni úttekt á jafnlaunakerfi fyrirtækis/stofnunar, á því að jafnlaunakerfið og framkvæmd þess uppfylli kröfur staðalsins ÍST 85:2012.
- b. *Vottunaraðili*: Aðili sem framkvæmir vottun og hefur hlotið faggildingu, sbr. 4. og 5. gr.
- c. *Úttektarmaður*: Einstaklingur sem framkvæmir úttekt á vegum vottunaraðila.

#### 4. gr.

##### *Faggilding vottunaraðila og eftirlit.*

Vottunaraðili fær faggildingu hjá faggildingarsviði Einkaleyfastofu eða sambærilegum aðila á Evrópska efnahagssvæðinu.

#### 5. gr.

##### *Vottun á grundvelli staðalsins ÍST 85:2012.*

Vottunaraðila sem hefur hlotið faggildingu á grundvelli staðalsins ÍST EN ISO/IEC 17021, sem fjallar um kröfur til stofnana sem annast úttektir og vottun stjórnkerfa, er heimilt að votta jafnlaunakerfi fyrirtækja og stofnana á grundvelli ÍST 85:2012.

#### 6. gr.

##### *Námskeið vegna jafnlaunavottunar.*

Ráðuneytið skal sjá til þess að haldið verði námskeið fyrir úttektarmenn í jafnréttis- og vinnumarkaðsmálum sem þýðingu hafa fyrir vottun í samræmi við kröfur staðalsins ÍST 85:2012 svo uppfylla megi kröfur faggildingarstaðalsins ÍST EN ISO/IEC 17021 um sérfræðipækkingu á því sviði sem um ræðir.

Námskeiðið skal haldið á þriggja ára fresti, og oftár ef nauðsyn krefur. Á námskeiðinu skal meðal annars fjallað um lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, vinnurétt, kjarasamninga, launagreiningar og flokkun og mat á verðmæti starfa.

Námskeiðinu skal lokið með útgáfu skirteinis. Úttektarmenn skulu ljúka námskeiði með prófi.

#### 7. gr.

##### *Úttekt.*

Vottunaraðili stýrir og framkvæmir úttekt á jafnlaunakerfi fyrirtækis/stofnunar. Þegar vottunaraðili hefur lokið við að sannreyna að launakerfi fyrirtækis/stofnunar uppfylli kröfur staðalsins ÍST 85:2012 tekur vottunaraðili ákvörðun um vottun og gefur út vottorð því til staðfestingar.

8. gr.  
*Lagastoð.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 19. gr. og 33. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, með síðari breytingum, sem og skv. 1. mgr. 4. gr. laga um faggildingu o.fl., nr. 24/2006, að höfðu samráði við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, öðlast þegar gildi.

*Velferðarráðuneytinu, 24. október 2014.*

**Eygló Harðardóttir**  
félags- og húsnæðismálaráðherra.

---

*Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 24. október 2014